

Fréttabréf Viðskiptaráðs – 5. nóvember 2008

Erlend greiðslumiðlun

Ennþá eru hnökrar á erlendri greiðslumiðlun en þó eru einhver merki þess að ástandið sé að skána. Bankarnir geta afgreitt erlendar greiðslur að einhverju leyti um hjáleid í gegnum Seðlabankann og Sparisjóðabankinn býr sem fyrr að greiðslumiðlunarkerfi sem virkar. Þá sendi Seðlabankinn frá sér [tilkynningu á mánudag](#) þar sem sagt er að greiðslumiðlun til og frá Bretlandi gangi nú betur en áður. Þetta eru ánægjulegar fréttir, enda hafa hnökrar á greiðslum í pundum verið umtalsverðir upp á síðkastið.

Líklegt er að ástandið á gjaldeyrismarkaði haldi áfram að skána á næstu dögum og vikum þótt ólíklegt sé að gjaldeyrishöft Seðlabankans verði að fullu afnumin í náginni framtíð. Ekki verður unnt að afnema gjaldeyrishöft fyrr en endanlegt samkomulag við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn liggur fyrir sem og upplýsingar um lánveitingar til Íslands. Upphaflega ætlaði sjóðurinn að afgreiða umsókn Íslands í dag en því hefur nú verið frestað fram á föstudag.

Greiðslumiðlun: Nýtum góða reynslu annarra

Þrátt fyrir ákveðna erfiðleika í erlendri greiðslumiðlun eru mörg dæmi um að fyrirtæki hafi fundið leiðir sem virka með ágætum. Ein slíkra leiða sem íslenskur útflytjandi hefur nýtt við að koma erlendum gjaldmiðlum til Íslands er í gegnum eigin gjaldeyrisreikninga í norskum banka. Greiðslumiðlunin fer fram með eftirfarandi hætti. Viðskiptavinir greiða fyrir útflutning inn á reikninga íslenska fyrirtækisins í norska bankanum. Ef greiðsla er í annarri mynt en norskum krónum (NOK), er skipt yfir í NOK sem svo eru sendar til Íslands án vandræða. Skipting yfir í NOK er til að koma í veg fyrir möguleg vandræði sem geta komið upp ef miðla þarf gjaldmiðlum (t.d. GBP eða USD) í gegnum önnur lönd á leið til Íslands.

Það felst töluvert tækifæri í því fyrir íslensk fyrirtæki að nýta reynslu þeirra sem vel gengur í miðlun gjaldmiðla á þessum erfiðu tímum. Því kallar Viðskiptaráð hér með eftir upplýsingum um góða reynslu aðildarfélaga sinna í þessum efnum. Markmiðið er svo að koma árangursríkum aðferðum á framfæri við aðra sem geta nýtt sér þær. Vinsamlegast hafið samband við Davíð Stein Davíðsson, hagfræðing Viðskiptaráðs, annað hvort með því að senda póst á dsd@vi.is eða hringja í ráðið í síma 510-7100.

Nýtt kynningarefni á ensku – kallað eftir tillögum

Á forsíðum [íslenska](#) og [enska](#) hluta vefsíðu Viðskiptaráðs má finna ýmislegt kynningarefni sem aðildarfélög geta nýtt til að útskýra stöðuna á Íslandi fyrir erlendum hagsmunaaðilum. Síðan hefur nú

verið uppfærð og þar er m.a. að finna nýtt glærusett um fjármálakrísuna á Íslandi. Einnig er þar að finna glærusett um helstu styrkleika íslenska hagkerfisins ásamt stuttum texta sem lýsir stöðunni almennt. Viðskiptaráð hvetur aðildarfélög til að nýta þetta kynningarefni. Einnig er hér með kallað eftir uppástungum um annað efni sem gæti nýst félögum og/eða úrbótum á því sem til er. Vinsamlegast komið slíkum uppástungum á framfæri með því að hringa í Viðskiptaráð í síma 510-7100.